



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 21. apríl 2017
Tilvísun FLE 11-2017

**Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur**

**Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurskoðendur,
nr. 79/2008 með síðari breytingum, 312 mál.**

Með tölvupósti dags. 6. apríl s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni. Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar. Álitsnefndin vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

Í lögum um endurskoðendur (79/2008) sem tóku gildi árið 2009, voru lögfest ákvæði um endurskoðendaráð, þeirra eftirlitshlutverk og ýmsar kröfur sem gerðar eru til endurskoðenda. Samfara þeim kröfum voru ýmis verkefni sett á Félag löggiltra endurskoðenda sem því ber að hafa með höndum í samráði við endurskoðendaráð og eru þau fjármögnuð með félagsgjöldum. Þær kröfur sem gerðar eru og endurskoðendaráð skal hafa eftirlit með lúta m.a. að kröfum um endurmenntun, starfsábyrgðatryggingu, reglubundnu gæðaeftirliti og skylduáðild að félaginu svo það geti sinnt sínum lögbundnu verkefnum sem lúta m.a. að framantöldum kröfum.

Ætla má að útlagður kostnaður hvers félagsmanns sé á bilinu 600-700.000 á ársgrundvelli til að standa undir framangreindum kröfum að meðtalinni gjaldtöku endurskoðendaráðs.

Að auki skal endurskoðendaráð sinna almennu eftirlitshlutverki eins og kemur m.a. fram í 16 grein laganna og er væntanlega verið að vísa til í frumvarpinu vegna aukins sérfræðikostnaðar sem og aukin erlend samskipti.

Með frumvarpi þessu er fyrirhugað að hækka gjöld á endurskoðendastéttina verulega, sem við teljum umfram það sem gengur og gerist hjá öðrum starfsstéttum. Það er því álit nefndarinnar að aukinn eftirlitskostnaður sem bæði lýtur að kröfum til einstakra endurskoðenda sem og almennu eftirlitshlutverki ráðsins sé kominn úr hófi fram og eðlilegt að leitað verði annarra leiða til að fjármagna endurskoðendaráð en að sækja í vasa félagsmanna. Einnig er óásættanlegt að félagsmönnum verði gert að greiða tvöfalt gjald á árinu 2017 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Virðingarfyllt,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

